


STJÓRN KLIFURFÉLAGS REYKJAVÍKUR



| | | |
|----------------|------------------------------|------------------------------------------------|
| Rekstrarstjóri | Hjalti Rafn Guðmundsson | Daglegur rekstur, þjálfari og yfirþrautasmiður |
| Stjórnarmaður | Árni Már Sturluson | cliffbarflugmaður á Vegg, starfsmaður á mótum |
| Stjórnarmaður | Stefán Steinar Smáráson | umSJÓN með námskeiðum, klifursvæðum og stáli |
| Formaður | Kristín Martha Hákonardóttir | þjálfari, þrautasmiður, sjoppukona og vefari |
| Stjórnarmaður | Sigurður Skarphéðinsson | felix maðurinn, húsaleigusamningar |

STARFSMENN KLIFURFÉLAGS REYKJAVÍKUR



| | |
|-----------------------------------|-----------------------------------------------------------------------|
| Valdimar Björnsson | Þrautasetjari og þjálfari 13–15 ára. |
| Halldóra M. Magnúsdóttir | Afgreiðsla, hópar, hönnuður og umsjón vídeókvölda |
| Stefanía Ragnheiður Ragnarsdóttir | Afgreiðsla, leiðbeinandi og hönnuður |
| Hjalti Andrés Sigurbjörnsson | Kennir á námskeiðum, handklæðamaður. |
| Elmar Orri Gunnarsson | Þjálfari 13–15 ára og þrautasmiður |
| Vikar Hlynur Þórisson | Í afgreiðslu, þrautasetjari, leiðbeinir á námskeiðum, sælgætisStjóri. |
| Kjartan Björn Björnsson | Í afgreiðslu og leiðbeinir hópum. |
| Kristján Þór Björnsson | Afgreiðslumaður, þrautasmiður og þjálfari 13–15 ára. |
| Eyþór Konráðsson | Afgreiðslumaður, leiðbeinir hópum og rýnir |
| Örvar Dóri Rögnvaldsson | Afgreiðslumaður, leiðbeinir hópum og hugsar |

Einnig hefur: Marianne Van Der Steen sett upp ofurhliðranir og málað lyftingaaðstöðu, Björn Erlingsson aðstoðað stjórn í húsnæðismálum, Guðjón Snær Steindórsson séð um hádegisopnun og virkjað 40+ félaga og Björn Baldursson haft umsjón yfir jól.





KLIFURFÉLAG REYKJAVÍKUR

Klifurfélag Reykjavíkur er íþróttafélag sem á aðild að ÍBR. Félagið sér um rekstur Klifurhússins, Skútuvogi 1G, heldur Íslandsmeistaramót í grjótblímu, velur og sendir keppendur á Norðurlandamót, heldur námskeið og æfingar í klettaklifri og hefur umsjón með klettakliffursvæðum á Íslandi. Tilgangur með starfi félagsins er að hlúa að klettaklifri á Íslandi. Ábyrgð á starfi og rekstri félagsins bera starfsmenn og stjórn.

REKSTUR

Skipting á innkomu ársins 2007 í kaup á æfingakortum, stökum skiptum, klifurvörum og sælgæti er sýnd hér að neðan. Rekstrarafkomu félagsins árið 2007 eru gerð skil í ársreikningi.

Opnunartími í Klifurhúsinu var lengdur. Húsið var opnað klukkan 15 á daginn þriðjudaga og fimmtudaga og opið í hádeginu mánudaga og miðvikudaga. Einnig var opið fyrir ísaxaklifur frá klukkan 21:30 til 23 á miðvikudögum eftir jól.





SJOPPAN

Klifurbúnaður

Megin tilgangur með sölu á klifurvörum í Klifurhúsinu er að bjóða upp á besta klettaklifurbúnað í heiminum í dag á sambærilegu verði og annars staðar í Evrópu. Klifurvörur voru fluttar inn frá: Black Diamond, Five Ten, Beal, Metolius og Nicos.

Sala á klifurvörum hefur verið jöfn og stöðug allt starfsárið en tekið áberandi kippi í kringum jólin og í byrjun sumars. Innflutningur á klifurvörum hefur aukist og fjölbreyttari vörur eru til sölu. Vörulager er álíka stór og árið á undan.

Til nýjunga má telja að þrjár björgunarsveitir báðu okkur að annast innflutning á klifurfestum frá Nicos. Það voru Björgunarsveitin Súgur á Akureyri, Dagrenning á Hvolsvelli og Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð, samtals um 1500 klifurfestur sem komu í hús í janúar 2008.

Matur

Ávextir úr Bónus, sælgæti frá Danól og gos frá Agli Skallagrímssyni var selt í sjoppunni. Að auki hefur Cliff Bar verið flutt inn frá Bandaríkjunum og selst það upp reglulega.

KH-Bolir

Bolir sem búnir voru til fyrir jól 2006 eru að klárast og hafa því selst hraðar en búist var við -enda endalaust flottir.

KLifur DVD

Klifur dvd myndir voru keyptar og frumsýndar á um það bil mánaðarlegum vídeókvöldum. Myndirnar geta þeir sem eiga gild æfingakort í Klifurhúsinu fengið lánaðar.

Námskeið, æfingar og hópar

SUMAR 2007

krakkanámskeið

Hjalti Rafn og Elmar Orri sáu um sjö, vikulöng heilsdags klifurnámskeið sem haldin voru í júní og júlí fyrir krakka á aldrinum 8–16 ára. Þrjú námskeið voru haldin fyrir 8–10 ára krakka, þrjú fyrir 11–13 ára og eitt fyrir 13–16 ára. Aðsókn á námskeiðin var góð og tóku samtals 64 krakkar þátt á námskeiðunum, 27% þeirra voru stelpur og 73% strákar. Þetta er meiri kynjaskipting en verið hefur á sumarnámskeiðum Klifurhússins hingað til.

Námskeiðin voru auglýst í sumarþæklingi ÍTR sem dreift var til allra grunnskólanema á landinu. ÍTR styrkti námskeiðin um 350.000 kr sem greiddar voru í tvennu lagi. Skýrslu um afrakstur námskeiðanna var skilað til ÍTR í lok sumars.

klettanámskeið 16 ára og eldri

Þrjú klettaklifurnámskeið fyrir 16 ára og eldri voru haldin um sumarið. Hjalti Rafn og Elmar Orri leiðbeindi á námskeiðunum. Hvert námskeið samanstóð af einu kvöldi í Klifurhúsinu og tveimur kvöldum í miðri viku í Valshamri í norðanverðri Esjunni. Alls tóku 16 þátt á námskeiðunum þremur sem heppnuðust mjög vel. Þátttakendur skiptust jafnt milli kynja. Hlutfall leiðbeinenda á þátttakendur var aldrei minna en 1:4 sem við teljum mikilvægt.

æfingar 13–16 ára

Elmar Orri og Kristján Þór héldu æfingum fyrir 13–16 ára krakka áfram síðasta sumar og voru farnar ferðir í Valshamar, Öskjuhlíð og á Hnappavelli. Reynt var að fá sem flesta foreldra með í ferð á Hnappavelli til þess að kenna þeim og sýna hvað klettaklifur gengur út á.

VETUR 2007-2008

námskeið 16 ára og eldri

Fyrir jól sáu Hjalti Andrés, Kristín Martha og Vikar um eitt námskeið fyrir 16 ára eldri. Námskeiðið stóð í sex vikur og var kennt einn dag í viku í tvo klukkutíma í senn. Ein heimsókn var farin í Bjarkaheimilið í Hafnarfirði til að klifra í línu. Með námskeiðinu fylgdi sex vikna kort í Klifurhúsið og gátu þátttakendur þannig æft sig að klifra milli tíma. Eftir jól héldu Hjalti Andrés og Vikar Hlynur tvö námskeið fyrir 16 ára og eldri. Námskeiðin voru byggð upp eins og námskeiðið fyrir jól. Að meðaltali tóku 12 þátt á hverju námskeiði sem er fjölgun milli ára.

Stebbi setti niður á blað n.k. námsskrá fyrir fyrstu þrjá daga námskeiðanna. Áhersla skal vera á að kenna rétt og örugg handbrögð við að tryggja.

æfingar 13–16 ára

Fyrir jól sáu Elmar Orri og Kristján Þór um vikulegar æfingar fyrir 13–16 ára. Æfingahópurinn hefur rúmlega tvöfaldast að stærð milli ára og var honum skipt í 16 manna framhaldshóp og byrjendahóp með 23 klifrurum. Eftir jól tók Valdimar Björnsson við þjálfun af Elmari sem hélt utan á vit klettaævintýra. Æfingarnar stóðu í tvo klukkutíma í senn og greiddu flestir fyrir þær með frístundakorti. Æfingakrakkar fá að klifra frítt utan æfingatíma í Klifurhúsinu. Ein ferð var farin í Bjarkarheimilið í Hafnafirði til að æfa línuklifur. Æfingunum verður haldið áfram í sumar. Stefnt er að því að fara í nokkurra daga ferð á Hnappavelli með æfingahópinn.

æfingar 8–12 ára

Hjalti Rafn og Kristín Martha sáu um að þjálfa æsku landsins í klifri í Klifurhúsinu einu sinni í viku í allan vetur. 36 krakkar á aldrinum 8–12 ára hafa æft reglulega hjá þeim. Hópnum var skipt upp í 8–10 ára og 10–12 ára þar sem talsverð fjölgun var á milli ára. Með æfingunum fylgdi frítt helgarklifur í Klifurhúsinu sem sumir hafa nýtt sér. Greitt var fyrir æfingar flestra með frístundakorti. Mótaröð fyrir 12 ára og yngri hleypti nýju lífi í æfingar þessa hóps.


Hópar

Í vetur hefur Klifurhúsið tekið á móti fjölda hópa. Starfsmenn Klifurhússins hafa leiðbeint hópum og hafa hóparnir fengið afnot af sal á efri hæð Klifurhússins. Sérstök greiðsla hefur verið innheimt fyrir leiðsögn og afnot af sal. Öllum yngri hópum (15 ára og yngri) er leiðbeint og fylgir þá salurinn með endurgjaldslaust.

Hópar hafa þurft að panta tíma a.m.k. viku fram í tímann og hefur verið hægt að fylgjast með hópakomum í Klifurhúsið á vefsíðunni og á dagatali við afgreiðslu Klifurhússins.

Þannig geta þeir sem æfa fylgst með hópum og skipulagt sínar æfingar á öðrum tímum.

Einnig var reynt að taka á móti sem flestum hópum milli kl. 15 og 17, þriðjudaga og fimmtudaga þegar fæstir eru við æfingar. Hjalti Rafn hefur tekið við pöntunum hópa og skipulagt heimsóknir þeirra.



KLIFURSVÆÐI, KAMAR- OG BOLTASJÓÐIR

Stefán Steinar Smárason og Björn Baldursson útteildu augum og akkerum úr boltasjóði Klifurfélagsins. 30 augum og 7 akkerum var útteilt úr sjóðnum. Þau voru notuð við nýboltun og endurboltun á Hnappavöllum. Síðasta sumar bættust 7 nýjar leiðir við á Hnappavöllum og nokkur akkeri voru sett upp og öðrum skipt út í gömlum leiðum. Ein leið var endurboltuð. Líklega voru engar nýjar leiðir boltaðar annars staðar á landinu.

Búldersvæðið Vetrarhöfn undir Vestrahorni var þróað ásamt skriðunni í Jósepsdal. Eru svæðin bæði býsna skemmtileg og kærkomin viðbót við önnur svæði.

Kamarinn stóð af sér veður og vinda annað árið í röð. Alls voru innheimtar 41 000 kr í sk. kamarsjóð Hnappavalla. Sjóðurinn var nýttur til þess að kaupa nýtt borð á Hnappavöllum og viðarvörn fyrir borð og kamar auk bolta og akkera í nýjar og endurboltaðar leiðir á Hnappavöllum. TAKK til þeirra sem greiddu:

ÍSALP (500), Róbert (1000), Stefanía Ragnh. Ragnarsdóttir (500), Flugbjörgunarsveitin Reykjavík (20.000), Tryggvi Stefánsson (500), Sigurður Tómas Þórisson (500), Katla Mariudóttir (500), Halldór Albertsson (500), Bjarnhéðinn Guðlaugsson (500), Ívar Freyr Finnbogason (500), Stefán Þór Þórsson (6.000), Örn Árnason (1500), Jón Viðar Sigurðsson (1000), Björgvin Hilmarsson (500), Kristín Martha Hákonardóttir (500), Hjalti Rafn Guðmundsson (500), Róbert Halldórsson (500), Elmar Orri Gunnarsson (500), Hjalti Andrés (500), Vikar Hlynur (500), Eyþór (500), Kjartan (500), Valdi (500), Halldóra (500), Björk Hauksdóttir (500), Smári Stefánsson (500), Guðlaugur Ingi Guðlaugsson (500), Skarphéðinn Halldórsson (500).

Nýr leiðavísir yfir Hnappavelli var í smíðum í vetur. Það eru félagarnir Jón Viðar Sigurðsson og Stefán Steinar Smárason sem gefa handbókina út. Fyrri leiðavísir yfir Hnappavelli var gefinn út árið 1994 af þeim Snævarri Guðmundssyni og Birni Baldurssyni. Um 55 nýjar klifurleiðir hafa bæst við á Hnappavöllum, flestar boltaðar, síðan fyrri leiðavísir KOM ÚT. Klifurhúsið annast dreifingu.

Húsnæðismál


Framtíðarhúsnæði

Fram til mánaðamóta janúar/febrúar 2008 leigði Klifurfélagið aðstöðuna í Skútuvogi af Ac-tavis hf. Frá 1. febrúar 2008 hefur félagið leigt Skútuvoginn af nýjum eigendum: Járni og Gleri. Samningar náðust við Járni og Gleri um að leigan yrði framlengd út árið 2008 á meðan Klifurfélagið biði eftir nýrri aðstöðu sem reisa á undir starfsemi félagsins í Gufunesi. Klifurfélagið undir stjórn Sigga útvegaði Járni og Gleri í staðinn aðstöðu undir sinn lager í rými Egils Árnasonar í sama húsi.

Viðræður áttu sér stað milli Klifurfélags Reykjavíkur og ÍTR um byggingu á nýju 500 m² stóru og 18 m háu klifurhúsi í Gufunesi. Reykjavíkurborg mun sjá um byggingu hússins á reit ÍTR á svæðinu. Ætlunin er að Klifurfélagið leigi húsið af Reykjavíkurborg en hanni og kaupi veggj og innrétti húsið að öllu leyti sjálft. Gert er ráð fyrir ÍSALP í nýju húsi. Björn Erlingsson hefur aðstoðað félagið í samskiptum og viðræðum við ÍTR. Þverpólitísk samstaða hefur náðst um verkefnið innan stjórnar ÍTR og peningum hefur verið úthlutað til framkvæmda á næstu þremur árum.

Á Gufunes svæðinu mun rísa fjölbreytt íþróttasvæði með fótboltavelli, frjálsíþróttavelli, brettahúsi, klifurhúsi, bmx brautum, blakvöllum o.fl. Skipulag fyrir svæðið var samþykkt haustið 2007.

Klifurfélagið setti sig í samband við flesta framleiðendur klifurveggja í heiminum og fékk frá þeim áætlaðan kostnað við hönnun og smíði leiðsluveggja í nýtt húsnæði. Hönnun og uppsetningu grjótgímuveggja mun félagið sjá um.



Uppbygging innan húss

Ákveðið var að uppbygging innan húss yrði þannig að hún gæti nýst félagin þótt það þyrfti að flytja. Því voru engir nýir veggir smíðaðir.

Lyftingabekkur, handlóðasett að þyngd 20–30 kg, stök lóð í þyngdum 1–10 kg og þrekhjól voru keypt í byrjun árs 2008. Hjalti Rafn smíðaði nýtt handrið sem opnaði lyftingaaðstöðuna

verulega, Marianne málaði Hawaii mynstur í veggina og Kristín Martha keypti spegla.

200.000 kr styrkur úr Íþróttasjóði Menntamálaráðuneytisins var nýttur til að kaupa um 250 nýjar klifurfestur frá Nicros og settar upp á lokamóti Íslandsmeistaramótaraðarinnar í grjótgímu.

Jón Viðar gaf Klifurhúsinu háþrýstidælu fyrir lokamót vetrarins til þess að flýta fyrir þrifum á klifurfestum. Kærar þakkir!

Vektor

Skuld Klifurfélags Reykjavíkur við Vektor vegna kaupa á veggjum og festum Vektors lækkaði um 75 000 kr á árinu. Hluthafar í Vektor tóku út kort upp í skuldina.

KYNNINGAR OG VÍDEÓKVÖLD

Netsíðan

Efni hefur bæst inn á netsíðuna jafnt og þétt. Ferðasögur og frásagnir hafa bæst inn á fréttasíðuna, myndir frá mótum og námskeiðum inn á myndasíðuna og klettaklifursvæðin eru í stöðugri vinnslu.

Mæspeis síðan virkar vel. Klifurhúsið eignast sífellt fleiri vini og á nú 150 slíka. Síðan er notuð til þess að auglýsa og kynna mót, vídeókvöld og aðrar uppákomur sérstaklega. Vinir Klifurhússins geta jafnframt póstað sínum athugasemdum, myndum og öðru inn á síðuna. Byrjað var að setja inn óregluleg blogg til að vekja athygli á hinu og þessu í klifurheiminum.

Kynningar

Síðastliðin fjögur ár hefur Klifurfélagið tekið þátt í framtakinu Ferðalangur í heimabyggð með opnu húsi á sumardaginn fyrsta.

Fjölmargar kynningargreinar birtust í blöðunum um Klifurhúsið; bæði almennar og umfjöllun um mót auk viðtala við klifrara. Hápunkturinn var eflaust grein í Gestgjafanum undir yfirskriftinni: Klettaklifur og Kræsingar. Sjónvarpið kom á lokamót Íslandsmeistaramótaraðarinnar og tók viðtal við Kristó og Valda og fjallaði um mótið. Myndatakan var góð og umfjöllun ýtarlegri en áður.

Enn var ákveðið að biða með að útbúa kynningarbækling um Klifurhúsið þar til lausn væri komin í húasnæðismálum.

Vídeókvöld

Fjögur vídeókvöld voru haldin í vetur. Sýndar voru myndirnar: First Ascent, Kinglines, Return 2 sender og Winter sessions. Húsfyllir var á Kinglines þar sem Sharma sýndi listir sínar. Klifurhúsið bauð upp á popp og kók.



STYRKIR 2007-2008

Í janúarmánuði 2008 undirritaði Klifurfélag Reykjavíkur ásamt öðrum íþróttafélögum í Reykjavík þjónustusamning til þriggja ára við Reykjavíkurborg. Með samningnum greiðir Reykjavíkurborg Klifurfélaginu fasta upphæð á ári sem kemur í staðinn fyrir húsaleigustyrki ÍBR, styrki vegna sumarnámskeiða barna, æfingastyrkja o.þ.h. Samningurinn er viðurkenning á starfi Klifurfélags Reykjavíkur síðustu ár í þeirri baráttu að fá klifur viðurkennt sem íþróttagrein hér á landi. Klifurfélagið kann Reykjavíkurborg bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Sótt var um

Sótt var um styrki hjá: Reykjavíkurborg til uppbyggingar klifurveggja/flutnings (1.000.000 kr), Íþróttasjóði Menntamálaráðuneytisins til þess að kaupa klifurfestur í klifurveggi (400.000 kr), ÍTR vegna sumarnámskeiða fyrir krakka (400.000 kr), afrekssjóði SPRON og ÍBR til Elmars og Kristjáns vegna æfingaferða 2008, ÍBR vegna kepnnisferðar landsliðs á Norðurlandamótið í leiðsluklifri í Noregi (5×17.000 kr).

Fengust

Styrkir sem fengust: ÍTR-styrkur vegna sumarnámskeiða krakka (300.000 kr, sumar 2007), Styrkur úr Íþróttasjóði Menntamálaráðuneytisins til að kaupa klifurfestur (200.000 kr, janúar 2008), Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg (2.000.000 kr vorönn 2008). Húsaleigustyrkur ÍBR (400.000 kr haustönn 2007) Styrkur úr afrekssjóði SPRON og ÍBR til Elmars og Kristjáns vegna æfingaferða 2008 (2×40.000 kr), Ferðastyrkur ÍBR vegna kepnnisferðar landsliðs á Norðurlandamótið í leiðsluklifri í Noregi (5×17.000 kr).

Enn hefur 6 Mkr húsnæðis kaupastyrk Reykjavíkurborgar vegna húsnæðis kaupa hvorki verið greiddur út né honum ráðstafað. ACTAVIS veitti Klifurfélaginu húsaleigustyrk á árinu 2007 sem fólst í lækkaðri húsaleigu (70.000 kr/mánuði).



PRAUTIR, MÓT OG KLETTAAFREK

Prautir

Sérstakur metnaður er lagður í gæði klifurþrauta í Klifurhúsinu. Við viljum að þrautir í boði hússins séu puttavænar, séu af öllum erfiðleikagráðum, séu sem fjölbreyttastar og henti bæði stuttum og löngum klifurum. Markmið með þrautunum er að búa til betri klettaklifrara.

Yfirþrautasetjari Klifurhússins er Hjalti Rafn Guðmundsson. Á milli móta sáu Valdimar Björnsson, Elmar Orri Gunnarsson, Kristján Þór Björnsson, Vikar Hlynur Þórisson og Marianne Van Der Steen um að bæta þrautum og festum inn á veggina. Hjalti Rafn og Kristín Martha sáu um gráðun þrauta með dyggri aðstoð flestra aðspurðra.

Gráðuskali Klifurhússins var lengdur í neðri endann að hætti Cliffhanger í Kanada. Gráðurnar Erfitt I, II og III koma nú á undan K0. Erfitt-þrautirnar eru merktar með hvítum límböndum sem auðvelda nýjum klifurum að rata um veggina. Einnig hófu þrautasmiðir að setja upphafsstafina sína við þrautirnar.

Dænómót

Vetrarstarfið hófst á dænómóti eins og í fyrra. Mótið var haldið í 20° vegg og var stokkið í 45° út frá upphafstökum. Mótið er því löglegt alþjóðlegt mót.

Íslandsmet voru bætt í flokki stráka 15 ára og yngri og stúlkna 16 ára og eldri. Íslandsmet í flokki stráka 16 ára og eldri var jafnað. Keppnin var hnífjöfn í flokki 16 ára og eldri og náðu fimm strákar að hoppa upp í sigurhæðina 2,20 m en bara einn í fyrstu tilraun. Í stelpuflokki náðu allar þrjár stelpurnar að hoppa vinningshæðina 1,60 m en tvær þeirra í fyrstu tilraun.

Dænómeistarar

strákar 16 ára og eldri: Kristján Þór Björnsson, 2,20 m,
 stelpur 16 ára og eldri: Katrín Eyþórsdóttir og Marianne Van Der Steen, 1,60 m,
 strákar 15 ára og yngri: Andri Már Ómarsson, 2,00 m.

BÍSmót

Til að fagna frosti á Fróni var haldið "þurrtólámót" eða s.k. bísmót (búlderís-mót) í Klifurhúsinu. Mótið var fyrsta sinnar tegundar og haldið í samvinnu við ÍSALP. Boðið var upp á 11 ísaxaþrautir sem keppendur glímdu við vopnaðir ísöxum, hjálmi, kalkpoka og klifurskóm. Gamla klifurfestur voru sprejðar í neonlitum og notaðar í bís klifrinu. Hjalti Rafn bjó til flestar þrautirnar og Kristín Martha og Freyr Ingi settu líka upp nokkrar þrautir. Þrautirnar fengu að halda sér fram á vor og æfði nokkuð fjölmennur hópur ísaxaklifrara á miðvikudagskvöldum milli klukkan 21:30 og 23 í Klifurhúsinu í vetur. Stefnt er að því að undertaka leikinn næsta haust.

Bísméistarar: Robbi vann, Andri varð annar og Sigi Tommi þriðji.

ÍslandsMeistaraMótaröðin

Í vetur voru haldin 4 grjótgímumót í Klifurhúsinu. Bestu 3 mót hvers þátttakanda töldu sem stig að Íslandsmeistaratitli í grjótgímu. Keppt var í þremur aldursflokkum stelpna og stráka.

Á mótunum fengu þátttakendur tvo klukkutíma til þess að glíma við 20 þrautir og héldu keppendur sjálfir utanum sín stig. Alls tóku 102 klifrarar þátt á mótaröðinni og 18 þeirra kepptu á öllum mótunum. Bryddað var upp á þeirri nýjung að keppa sérstaklega í flokki 12 ára og yngri á klukkustundar löngu móti á undan aðalmótinu. Kepptu krakkarnir í sömu þrautum og þeir fullorðnu auk fjögurra aukþrauta. Það voru Hjalti Rafn og Kristín Martha sem sáu um skipulagningu mótanna og Elmar Orri aðstoðaði við uppsetningu þrauta.

Íslandsmeistarar í grjótgímu

Strákar 16 ára og eldri

1. sæti: Kristján Þór Björnsson
2. sæti: Valdimar Björnsson
3. sæti: Kjartan Björn Björnsson

Stelpur 16 ára og eldri

1. sæti: Katrín Hrund Eyþórsdóttir
 2. sæti: Vilborg Hlöðversdóttir
 3. sæti: Hrefna Halldórsdóttir
- Flest stig: Marianne Van Der Steen

Strákar 15 ára og yngri

1. sæti: Kjartan Jónsson
2. sæti: Andri Már Ómarsson
3. sæti: Helgi Ólafsson

Stelpur 12 ára og yngri

1. sæti: Edda Björk Ágústsdóttir
2. sæti: Arna Rún

Strákar 12 ára og yngri

1. sæti: Guðmundur Hafsteinsson
2. sæti: Þór Jensson
3. sæti: Smári Steinar Stefánsson

Klifurhúsið þakkar keppendum drengilega keppni. Þúsund þakkir til þeirra sem sýndu myndir eftir mótin, bökuðu kökur, tóku myndir og SÉRSTAKLEGA þeirra sem skrúfuð niður og þrifu festur á föstudagskvöldum fyrir mótin: Vikar, Kristó, Valdi, Marianne, Kjartan og Kjartan, Andri og Andri, Jón Marínó, Jósef, Lóa Björk, Bernd, Örvar Dóri, Stebbi, Bjösssi, Smári, Árni Már, Elmar, Eyþór, Helgi, Katrín, Halldóra, Hjalti Andrés, Bergþóra, Jón Viðar, Guðjón Snær, Kristín Martha, Gummi Tómasar, Hjalti Rafn, ...



Norðurlandamót

Klifurfélag Reykjavíkur sendi fimm keppendur og liðsstjóra á Norðurlandamótið í leiðsluklifri sem haldið var í Sogndal í vestur Noregi. Landslið Íslands skipuðu Elmar Orri Gunnarsson, Valdimar Björnsson, Kristján Þór Björnsson, Hjalti Rafn Guðmundsson og hin hollenska Marianne Van Der Steen. Kristó lenti í níunda sæti eftir fyrri dag og komst ásamt Marianne inn í úrslit. Að lokum enduðu Kristó, Valdi, Hjalti og Elmar í 12., 16., 19. og 21. sæti á mótinu og Marianne lenti í 7. sæti.

Enginn keppandi var sendur á Norðurlandamót unglinga þetta árið.



KlettaAfrek

Á klifurárinu rauðpunktuðu Kristján Þór Björnsson og Kjartan Björn Björnsson báðir 8a+ í Siurana og Montsant í jóla/nýárshópfærð Klifurhússins.

Kristján Þór Björnsson fór 7c+ grjótglimuþrautir í Cresciano og í Fontainebleau á árinu og er fyrsti Íslendingurinn til þess að klifra þraut af þeirri gráðu.



Á Íslandi var þetta helst í línuklifri: Í flokki karla sem klifra 5.12 og yfir var Elmar Orri óstöðvandi. Hann opnaði Plútó 7c; rauðpunktaði Ceuse er ekki til, 8a; Helgrímu, 8a; Sláturhúsið 8a ásamt þakinu hans Bjössa sem hann nefndi Draumaland, 7c+. Hjalti Rafn fylgdi í kjölfarið og endurtók Draumaland, opnaði Sundlaugapartý, 7a+ og flassaði From Brussel with love, 7b+/7c og mun það vera erfiðasta flass Hnappavalla til þessa. Valdi opnaði From Brussel with love, rauðpunktaði Draumaland og flassaði Sundlaugapartý. Kjartan flassaði Sundlaugapartý og rauðpunktaði Draumaland. Robbi rauðpunktaði From Brussel with love og Draumaland og fór Sundlaugapartý beint af augum. Siggi Tommi fór Sundlaugapartý beint af augum og rauðpunktaði Leikið á als oddi, 7a+. Stebbi Steinar og Bjössi fóru báðir Sundlaugapartý. Jósef rauðpunktaði Leikið á als oddi, 7a+ og Tívolí, 7b.

Í kvennaflokki, 5.10 og yfir rauðpunktaði Sædís Janus, 5.10a; Marianne rauðpunktaði Janus og Cancan, 5.10b; Kristín Martha rauðpunktaði Ég tvista til að gleyma, 5.11d.

Kristó bólðeraði fullt af nýju og gömlu og meira en allir aðrir þetta sumarið.

Tökendur

Tökendum í innanhússklifri fjölgar jafnt og þétt og þegar þetta er ritað æfa um 400 manns reglulega í Klifurhúsinu. Auk þeirra sem æfa reglulega og eiga æfingakort í Klifurhúsinu voru stakar heimsóknir í Klifurhúsið um það bil 5800 á árinu sem svarar til um 480 heimsókna í mánuði.

Innlit í Klifurhúsið voru talin í fjórar vikur í mars og apríl. Þær talningar benda til þess að um 3 000 manns komi við í Klifurhúsinu á mánuði að meðaltali yfir árið, eða um 90–100 manns á dag.

